

Snæfellsbær
Klettsbúð 4
360 Hellissandur

Garðabær, 21. ágúst 2024
Málsnúmer: 202407-0023
IAS

Efni: Nýtt deiliskipulag í landi Axlar.

Vísað er í erindi frá Snæfellsbæ, frá 11. júlí 2024, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar vegna deiliskipulags í landi Axlar.

Svæðið sem deiliskipulagið nær til er 66 ha og eru innan þess verslunar- og þjónustureitirnir VP-27, VP-28 og VP-33 samkvæmt gildandi aðalskipulagi. Þar er nú íbúðarhús ásamt húsnæði sem nýtt eru undir þjónustu í formi 7 herbergja gistihúss og jógaíðkun. Í tillögunni er gert ráð fyrir nýjum byggingarreit undir húsnæði fyrir jógaíðkun austan megin við Axlarhól, innan VP-33. Húsgrunnur stendur vestast í húsþyrpingunni við Öxl en þar er áætlað að koma aftur fyrir frístundahúsi sem gæti nýst til útleigu fyrir ferðamenn.

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér deiliskipulagið og kemur með eftirfarandi ábendingar.

Eins og fram kemur í greinagerð með deiliskipulaginu er landið innan svæðis 223 á náttúruminjaskrá: „Utanvert Snæfellsnes“ og rétt við friðlandið „Búðahraun“.

Náttúrufræðistofnun gerir ekki athugasemdir við fyrirhugaðar breytingar innan húsþyrpingarinnar við Öxl en telur að betur færi að staðsetning VP-33 yrði innan núverandi húsþyrpingar en ekki vestast á svæðinu við Axlarhóla.

Náttúrufræðistofnun gerir ekki frekari athugasemdir á þessu stigi málsins.

Virðingarfyllst,

Ingvar Atli Sigurðsson

Ingvar Atli Sigurðsson
jarðfræðingur

